



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi
b.t. Velferðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 12. maí 2017
1705201 RE

Efni: Frumvarp til laga um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, 434.mál til umsagnar

Eftirfarandi er umsögn Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og er fyrst og fremt áréttarð mikilvægi þess að nægt fjármagn sé fyrir hendi til að framkvæma það sem að sveitarfélögunum snýr. Má nefna atriði sem koma fram eftirfarandi liðum:

A2 þar sem talað er um miðlæga skráning á undanþágum vegna ákvæða byggingarreglugerðar um algilda hönnun í þegar byggðu húsnæði.

A3 Tryggja þarf að fjármagn sé fyrir hendi í svokallaða aðgengisfulltrúa.

A4 Uppfæra þarf heimasíður sveitarfélaga með það markmið í huga að upplýsingar um ferli og hjólastólaaðgengi sé aðgengilegt.

A6 Auknir möguleikar fatlaðs fólks til að nýta almenningassamgöngur.

B3 Betri atvinnumöguleikar fatlaðs fólks. Óljóst er á hvaða hátt stuðningur verður efldur og hver ber kostnaðinn.

C1 Aukin hvatning til hreyfingar og holls mataraðis. Hér er um kostnaðarauka að ræða fyrir sveitarfélög sem gera þarf ráð fyrir.

C2, E1, F1 og F2 Gert er ráð fyrir málastjórum. Ekki er ljóst á hverra vegum málastjórar eru en ef það er verkefni sveitarfélaga þarf verulega aukinn mannafla til að anna þessu verkefni.

F3 Fatlað fólk njóti sjálfstæðs lífs á orlofstínum. Í þessu felst aukinn kostnaður sem fylgir því að starfsfólk fari með íbúa í sumarfrí.

F5 Húsnæðisþörfum fatlaðs fólks verði mætt með fjölbreyttum íbúðarkostum. Hér er um mikilvægt markmið að ræða en erfitt í framkvæmd. Í sveitarfélögunum eru langir biðlistar og herbergjasambýli. Aukið sérbýli eða íbúakjarnar hafa ekki eingöngu í för með sér kostnað við byggingu húsnæðis heldur einnig í för með sér aukinn fjölda stöðugilda.

F6 Notendaráð starfi á öllum þjónustusvæðum. Hér er um mjög þarf markmið að ræða en reynslan í Hafnarfirði af Ráðgjafarráði fatlaðs fólks hefur verið afar góð.

G3 Þjónusta við fötluð börn með sértækjar þarfir verði veitt í nærumhverfi þeirra. Líklega má efla ýmiskonar þjónustu til að ná þessu markmiði en eins og áður hefur það kostnaðarauka í för með sér.

G5 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinni þjónustu við aldurshópinn 18-24 ára. Hér er um afar jákvætt ákvæði að ræða.



HAFNARFJÖRÐUR

G6 Föltuð börn og ungmenni eigi kost á sértækri frístundaþjónustu. Hér er um mjög nauðsynlegt úrræði að ræða. Eins og áður þurfa að fylgja fjármunir.

Hér er um metnaðarfulla stefnu og framkvæmdaáætlun að ræða sem æskilegt er að komist í framkvæmd. Hætt er við að ekki verði hægt að fylgja eftir þessari stefnumörkun fylgi ekki raunhæft fjármagn. Fyrst og síðast er því lögð áhersla á fjármögnun áætlunarinnar.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar